

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022.

Frá 1. minni hluta atvinnuveganefndar.

Atvinnuveganefnd fékk beiðni frá fjárlaganefnd um að veita umsögn um þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022. Farið hefur verið yfir helstu málaflokka sem heyra undir nefndina, þó með þeim fyrirvara að vegna þess stutta tíma sem gefinn var til umfjöllunar gafst ekki tækifæri til að fjalla með greinargóðum hætti um áætlun sem á þó að gilda til ársins 2022.

Nefndin fékk ráðherra viðkomandi málaflokka á sinn fund sem og fulltrúa frá stofnunum og samtökum.

Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar.

Rannsóknur, nýsköpun og þekkingargreinum er sniðinn þröngur stakur á komandi árum. Tillagan gerir ráð fyrir tæplega 2,6 milljarða kr. niðurskurði í málaflokki á tímabilinu. Ekki verður séð á grundvelli áætlunarinnar og annarra fyrirliggjandi gagna hvernig hægt verði að fylgja markmiðasetningu á málefna sviðinu eftir. Í tillögunni er gengið út frá því að fjölgun starfa í þekkingargreinum sé vert markmið eitt og sér. Hið sama gildir um aukna framleiðni á grundvelli nýsköpunar. Erfitt er að sjá hvernig stuðla má að framleiðniaukningu á grundvelli aukinnar þekkingar þegar skorið er niður í málefna sviðinu. Verður því að telja markmið áætlunarinnar óraunhæf. Þó er ætlunin að treysta leikni stofnana, fyrirtækja og skóla í að leita á náðir alþjóðlegra sjóða. Þannig verði hægt að fjármagna framþróun og greiða fyrir tækniþróun á Íslandi.

Ferðaþjónusta.

Talsverð óöld ríkir nú í málefnum ferðamanna. Griðarleg óánægja kom fram í máli gesta um fyrirhugaða breytingu á virðisaukaskatti. Áætlunin gerir einnig ráð fyrir innspýtingu fjármuna á fyrstu tveimur árum tímabilsins en síðan að fjárheimildir verði lækkaðar. Þó að það sé vissulega þróun í rétta átt að lögfasta réttláta gjaldtöku af iðnaðinum skýtur skökku við að á sama tíma séu fjárheimildir til greinarinnar skornar niður. Ef áætlunin hlýtur samþykki óbreytt er fyrirséð að stærsti vaxtarsproti íslensks atvinnulífs verði ekki færður til þess horfs sem fýsilegt er. Skapar það Íslandi mikla áhættu til framtíðar að málaflokkur þessi sé ekki tekinn föstum tókum. Auknum tekjum af hækkuðum virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna ætti að verja til að treysta grunn hennar og stjórnum.

Orkumál.

Ráðherra kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir þeim hluta tillögunar sem fjalla um orkumál. Engar stofnanir eða hagsmunadilar komu þar að borði að undanskilinni Umhverfisstofnun sem fjallaði lauslega um aðgerðaráætlun um orkuskipti sem nefndin hefur til umfjöllunar (146. mál). Er það miður þar sem getið er um fjölmörg stór og viðamikil verkefni í tillögunni. Miðað við fjárframlög mun þó ekkert þeirra ná fram að ganga. Málaflokkurinn er því undirfjármagnaður og vanræktur. Íslensk þjóð mun þannig eignast nokkra fermetra af nýjum greiningum og skýrslum sem síðan verða pappírslóð á vel völdum stað.

Markaðseftirlit og neytendamál.

Fjármálaáætlun lýsir auknu gagnsæi, virkri samkeppni og heilbrigðum viðskiptaháttum sem grunnstefinu til framtíðar í þessu málefna sviði markaðseftirlits og neytendamála. Kjörin hefði verið fyrir núverandi ríkisstjórn að sýna gott fordæmi í þeim efnum og gæta þess að sú fjármálaáætlun sem er hér er til umfjöllunar byggðist á þessum sömu gildum. Sérstaklega stendur út af markmið um að meta þekkingu stjórnenda fyrirtækja á meginreglum samkeppnislaga.

Landbúnaður.

Nýundirritaðir búvörusamningar fela í sér samdrátt til landbúnaðarmála. Þó er unnið að fjölmörgum verkefnum innan greinarinnar sem vert er að styðja. Þar má sérstaklega nefna þróun gagnagrunns sem ætlað er að tryggja rekjanleika afurða. Er það miður að það sé ekki gert.

Sjávarútvegur- og fiskeldi.

Fulltrúar stofnana sem m.a. fjalla um á sjávarútveg og fiskeldi komu á fund nefndarinnar og telur 1. minni hluti ljóst eftir samtöl við þá að lítið sem ekkert samráð hafi verið haft við stofnanir. Ljóst er að kostnaðargreiningar verkefna lágu fyrir innan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis áður en fjármálaáætlun var dreift sem þingskjali. Ljóst er því að haldbærum gögnum og tölum var haldið utan áætlunarinnar. Jafnframt kom fram að þó svo að einstaka stofnun fengi í sinn hlut allt svigrúm ráðherra dygði það ekki fyrir fjármögnun þeirra verkefna sem liggja fyrir. Verður því að telja ljóst að verkefnalisti sá sem kynntur er í fjármálaáætlun hefur jafn mikla vigt og kosningaloforð fyrir kosningar.

Alþingi, 8. maí 2017.

Gunnar Ingiberg Guðmundsson.